

---

N O R Ð F I R Ð I N G U R

---

1. tölublað 1986

10. árgangur.

---

SÓLARKAFFI

Norðfirðingafélagsins verður haldið í Safnaðarheimili Bústaðakirkju, sunnudaginn 2. febrúar 1986 kl. 1500 stundvíslega.

Dagskrá: Sólarkaffi með heimabökuðum "Sólarpönnukökum" á norðfirzka vísu.  
Bjarni Vilhjálmsson í Hátúni rifjar upp minningar að heiman.

Mætum öll í sólskinsskapi!

---

Viðtakandi: \_\_\_\_\_

Aðalfundur félagsins var haldinn 8. desember s.l. í Safnaðarheimili Bústaðakirkju. Fundurinn var vel sóttur og sátu allmargir félagar messu í kirkjunni fyrir fundinn. Mikil jólastemning ríkti á fundinum og veizluborð vaskra félagskvenna var mjög rómað. Sú nýbreytni að halda samkomu félagsins á þessum stað þótti takast það vel að ákveðið var að hið árlega sólarkaffi félagsins skyldi haldið þar einnig.

Aðalfundarstörf tóku ekki langan tíma frekar en fyrri daginn. Stjórn félagsins var einróma endurkjörin, en hana skipa Elsa Christensen formaður, Jón Guðmundsson varaformaður, Pálmar Magnússon gjaldkeri, Sigþór Sigurjónsson ritari og meðstjórnendur Gígja Guðjónsdóttir, Ólöf Hannesdóttir og Sigurborg Sigurjónsdóttir.

Félagar úr kirkjukór Bústaðakirkju sungu nokkur lög við undirleik Guðna Þ. Guðmundssonar við góðar undirtektir fundarmanna. Þökk sé Guðna og þeim félögum.

Að venju voru til sölu á fundinum jóla-  
kort til fjáröflunar safnaðarheimilis  
kirkjunnar okkar heima og seldust þau  
upp.

Stjórn félagsins er um þessar mundir að  
yfirfara spjaldskrá félagsins með tilliti  
til breyttra heimilisfanga félagsmanna  
og til inntöku nýrra félaga. Í því  
sambandi beinir stjórnin þeim tilmælum  
til félaga að þeir láti ritara félagsins  
vita ef um breytt heimilisfäng er að ræða  
og jafnframt að félagar aðgæti í sínum  
hópi hvort ekki séu einhverjir Norð-  
firðingar á svæðinu sem vildu gerast  
félagar.

Athygli skal vakin á því, að Árshátíð  
félagsins verður haldin laugardaginn 8.  
marz n.k. að Hótel Loftleiðum, Víkingasal.  
Þegar er farið að huga að dagskrár- og  
skemmtiatriðum fyrir hátíðina og munum  
við sjá um að vandað verði til hennar eftir  
því sem kostur er. Norðfirðingur mun  
greina frá dagskrá árshátíðarinnar þegar  
þar að kemur.

Þeir sem enn eiga ógreidd félagsgjöld eru hér með eindregið hvattir til þess að greiða þau hið fyrsta.

Að endingu hvetjum við alla félagi til þess að mæta nú vel á "Sólarkaffið" þar sem framreiddar verða heimabakaðar "Sólarpönnukökur" á norðfirzka vísu og eiga saman góða stund.

Mætum öll í sólskinsskapi!

---

NORÐFIRÐINGUR

Útgefandi: Norðfirðingafélagið  
Espigerði 4,  
108 Reykjavík.

Ritstjóri: Elsa Christensen